

SKEL fjárfestingafélag hf.

ÁRSHLUTAUPPGJÖR 1H 2023

Hagnaður eftir skatta nam 2,06 milljörðum króna

Eignir félagsins námu 42,1 milljörðum króna

Eigið fé nam 34,9 milljörðum króna sem samsvarar 18,1 krónu á hvern útgefinn hlut

HELSTU FRÉTTIR AF EIGNASAFNI SKEL Á 2. ÁRSFJÓRÐUNGI

- Horn IV fjárfestir fyrir 3,5 milljarða í Styrkási, móðurfélagi Skeljungs og Kletts
- Sala á öllu hlutafé SKEL í Sp/f Orkufelagið kláraðist endanlega í lok júlí
- Viðsnúningur í rekstri Orkunnar
- Verslunarrekstur Orkunnar og Lyfjaval selt til Heimkaupa og Gréta María Grétarsdóttir ráðin forstjóri félagsins

HELSTU LYKILTÖLUR OG NIÐURSTÖÐUR Á FYRRI ÁRSHELMINGI 2023

- Fjárfestingatekjur námu 2.424 m.kr. (1H 2022: 6.849 m.kr.)
- Rekstrargjöld námu 407 m.kr. (1H 2022: 636 m.kr.)
- Hagnaður eftir skatta nam 2.060 m.kr. (1H 2022: 4.939 m.kr.)
- Arðsemi eigin fjár, á ársgrundvelli, var 12,5% (1H 2022: 30%)
- Hagnaður á hlut var 1,06 kr. (1H 2022: 2,27 kr.)
- Handbært fé frá rekstri var neikvætt um 42 m.kr. (1H 2022: jákvætt um 4.480 m.kr.)
- Heildareignir í lok tímabilsins námu 42.074 m.kr. (31.12.2022: 38.505 m.kr.)
- Eigið fé í lok tímabilsins nam 34.946 m.kr. og eiginfjárhlutfall var 83,1% (31.12.2022: 33.430 m.kr. og 86,2%)
- Eigið fé á hlut í lok tímabilsins nam 18,1 kr. (31.12.2022: 17,3 kr.)
- Handbært fé í lok tímabilsins nam 3.904 m.kr. og eign í ríkisskuldabréfum 1.008 m.kr. (31.12.2022: 4.731 m.kr. og 2.116 m.kr.)

ÁSGEIR HELGI REYKFIÖRÐ GYLFASON, FORSTJÓRI SKEL:

„Á fyrri helmingi ársins samanstóðu rekstrarfélög SKEL af Skeljungu ehf., Kletti– sölu og þjónustu ehf., samstæðu Orkunnar, þ.e. Orkan IS ehf., Lyfjaval ehf., og Löður ehf. sem og Gallon ehf. Rekstur þessara félaga var heilt yfir í samræmi við, eða betri en áætlanir sem kynntar voru í ársuppgjöri gerðu ráð fyrir.

Helsta jákvæða frávikið í rekstri félaganna er rekstur Orkunnar sem hefur gengið vonum framur það sem af er ári. Nýir stjórnendur hafa náð góðum tókum á rekstrinum undanfarin ár með lækkun rekstrarkostnaðar og fækkun stöðugilda. Félagið rekur 72 Orkustöðvar og 15 þvottastöðvar Löðurs með 38 stöðugildum. Viðskiptavinir félagsins hafa tekið mjög vel í þær tækninýjungar sem félagið hefur kynnt. Á fyrri árhelmingi nam EBITDA, án IFRS 16 áhrifa, 1.013 m.kr. hjá Orkunni og við búumst nú við að hún verði um 1.650 m.kr. á árinu. Við verðmetum Orkuna á 5.714 m.kr., sem jafngildir EV/EBITDA 5,0x í bókum okkar í meðfylgjandi árshlutareikningi.

Við erum sérstaklega ánægð með að hafa nýverið gert samkomulag við Horn IV slhf., sem er framtakssjóður í stýringu Landsbréfa, um þátttöku í hlutafjárukningu í Styrkási ehf. Styrkás ehf. verður eignarhaldsfélag um allt hlutfé í Skeljungu ehf. og Kletti – sölu og þjónustu ehf. Við höfum kynnt fyrirætlanir um uppbyggingu á alhiða þjónustufyrirtæki við íslenskt atvinnulífið og hverjar helstu hugmyndir okkar eru í þeim efnum. Þær kynningar hafa mælst vel fyrir og hafa nú þegar ýmsir aðilar nálgast Styrkás með það í huga að taka þátt í vegferðinni. Við teljum Horn framúrskarandi samstarfsaðila í verkefninu og að lokinni hlutafjárukningu verði félagið mjög vel fjármagnað til að taka næstu skref.

Í lok árhelminga var gengið var frá endurskipulagningu Heimkaupa, sem eignarhaldsfélags utan um Lyfjaval ehf., verslanir Orkunnar, 10-11, EXTRA og eignarhluti í veitingastöðum og Brauð og co. . Gréta María Grétarsdóttir hefur tekið við sem forstjóri Heimkaupa og mun leiða verkefnið. Norvik ehf. hefur jafnframt skrifað sig fyrir 500 m. kr. af nýju hlutfé. Við teljum að það sé rými fyrir áskoranda á smásölumarkaði og hlökkum til að kynna félagið betur í vetur.

Eignarhlutur SKEL í Kaldalóni hf. lækkaði í virði um 302 m. kr. á fyrri hluta ársins. Sem stærsti hluthafi félagsins hefur SKEL gengt stefnumarkandi hlutverki við uppbyggingu á Kaldalóni hf. Við teljum að áherslur félagsins um einfaldan rekstur, einfaldleika í eignasafni og lágmörkun kostnaðar verði félaginu farsælar til lengri tíma. Nýlega tilkynnti Kaldalón hf. að það hafi lokið við útgáfuramma fyrir skuldaskjöl og ætti félagið því að geta sótt sér markaðsfjármögnun þegar það metur það hagfellt. Í sömu tilkynningu er haft eftir forstjóra félagsins að félagið muni ná markmiðum sínum fyrir skráningu á aðalmarkað fljótlega og undirbúningur þess hefjist þá þegar.

Eignarhlutur SKEL í VÍS hækkaði um 111 m. kr. á fyrri hluta ársins. Við teljum að stefnumörkun félagsins um umbreytingu úr rótgrónu tryggingarfélagi í vaxtafyrirtæki á fjármálamarkaði sem hófst fyrir um tveimur árum síðan sé góð. Það er mikilvægt fyrir íslensk fyrirtæki á okkar litla markaði að hafa fjölbreytta tekjustofna. Frá áramótum hefur félagið hafið eigna- og sjóðastýringu í sérstöku félagi, SIV eignastýringu hf., og hluthafar samþykkt samruna við Fossa fjárfestingarbanka hf. með afgerandi hætti. Þá er ánægjulegt að sjá að viðsnúningur hefur orðið í sölu hjá félaginu og að því virðist hafa tekist mjög vel til með að laða til sín góða stjórnendur.

Nýverið var gengið frá uppgjöri vegna sölu á 48,3% eignarhlut SKEL í Orkufélaginu, móðurfélagi P/F Magn í Færeyjum. Eftirstandandi skuldbindingar og eignir SKEL vegna Orkufélagsins eru söluréttur Hólma ehf. sem tilkynnt var um 15. febrúar og seljendalán sem veitt voru árið 2021 til kaupenda að

fjárhæð um 460 m.kr. Salan markar ákveðin tímamót í sögu félagsins, sem hefur þá yfirlýstu stefnu að draga úr vægi sölu jarðefnaeldsneytis í eignasafni félagsins. Ætlun okkar er að halda stórum hluta söluandvirðis í fjárfestingum í Norður-Evrópu.

Á fyrri árs helmingi setti SKEL fasteignafélagið Klettagarða 8-10 ehf. í sölumeðferð hjá fyrirtækjaráðgjöf Íslandsbanka hf. Nokkur tilboð bárust í allar eignir félagsins frá sérhæfðum aðilum, flest á viðunandi verðbili. Ákveðið var að hefja viðræður við einn tilboðsgjafanna um kaup félagsins í heild sinni, með það fyrir augum að einfalda samstæðu SKEL. Við vonumst til að ljúka sölu félagsins fyrir áramót.

Eignasafn SKEL er að taka breytingum og nemur vægi óskráðra eigna nú 67,9% en var 69,4% um áramót. Gera má ráð fyrir að hlutföll óskráðra eigna verði í kringum 50% til framtíðar, en það mun vitanlega ráðast að einhverju marki af gengisþróun skráðra eigna og endurmati óskráðra eigna. Lausafjárstaða félagsins er nokkuð rúm, en við munum þyngra vægi skráðra eigna og fasteigna í safninu á komandi misserum.

Þann 12. apríl sl. greiddi félagið út arð sem samsvaraði 0,31 kr. á útistandandi hlut, eða 600 m.kr. SKEL tilkynnti um framkvæmd endurkaupaáætlunar að hámarksfjárhæð 250 m.kr. þann 12. júlí og hófust endurkaup daginn eftir, endurkaupum lýkur í síðasta lagi 31. desember nk. Í upphafi árs voru 1006 hluthafar í félaginu en við lok fyrri árs helmingis voru hluthafar 1044.“

KYNNINGARFUNDUR

Opinn kynningarfundur vegna ársuppgjörs félagsins verður haldinn 17. ágúst á Reykjavík Edition, Austurbakka 2, 101 Reykjavík. Fundurinn hefst kl. 8:30. Á fundinum munu Ásgeir Helgi Reykfjörð Gylfason, forstjóri og Magnús Ingi Einarsson, fjármálastjóri kynna afkomuna og helstu þætti úr rekstrinum.

Kynningarefni frá fundinum verður gert aðgengilegt á vefsíðu SKEL, <https://skel.is/fjarfestar>

ÁRSRHLUTAREIKNINGUR 1H 2023

Helstu atriði í tilkynningu þessari eru unnin upp úr árshlutareikningi félagsins, sem samþykktur var af stjórn og forstjóra á stjórnarfundum þann 16. ágúst 2023.

Árshlutareikningurinn er gerður í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla (IFRS). Árshlutareikningurinn er ókannaður og óendurskoðaður.

Nánari upplýsingar má finna í árshlutareikningi sem er meðfylgjandi tilkynningu þessari, sem og aðgengilegur á www.skel.is

Nánari upplýsingar veitir Ásgeir Helgi Reykfjörð Gylfason, fjarfestar@skel.is